

EFTIRLITSSKÝRSLA

Semtsverksmiðjan Akranesi Akranes



Dags eftirlits	4.11.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Semtsverksmiðjan Akranesi	Eftirlitsmaður	Björn Stefánsson
Heimili	Mánabraut 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5602695369	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar H. Sigurðsson	ÍSAT nr.	26.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	351068,21 427468,774

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný fráviik og engin athugasemd var gerð við starfsemina. Vel var staðið að frágangi á námum í Hvalfirði og teljast fullnægjandi að mati stofnunarinnar. Ekki er tímabært að fella niður starfsleyfi þar sem að ennþá er framleiðsla á mélu í verksmiðjunni á Akranesi. Leigusamningur á húsnæði fyrir méluframleiðslunni rennur út nú um áramótin 2016-2017.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í skoðunarferð um námur í Hvalfirði. Búið er að lagfæra jarðveg ofan við bergvegg í námu 1. Við námu 2 er búið að urða yfir líparítmöl í vegköntum svo það fellur betur inn í landslagið. Gert er ráð fyrir að sá í jarðveginn næsta vor. Við námu 3 var búið að slétta úr malarkambi ofan við bergvegginn. Umhverfisstofnun telur að vel hafi verið staðið að fráganginum og er mikill munur á ásyndinni frá síðasta eftirliti.

Þá var haldið til Akraness þar sem að verksmiðjan var skoðuð. Eins og fram kom í síðasta eftirliti hefur stærstum hluta bygginganna verið skilað til sveitarfélagsins, en rekstraraðili leigir húsnæði til framleiðslu á mélu og gildir sá leigusamningur til áramóta 2016-2017. Húsnæði til semtsafgreiðslu, hluta skrifstofuhúsnæðis og gildir til 2028. Búið er að selja hráefni úr efnisgeymslu, þ.e. gifs og líparít og unnið er að því að koma spilliefnum (íblöndunarefnum) til spilliefnamóttöku.

Frá mólurum fyrir méluframleiðslu er virkur ryksöfnunarbúnaður með pokasíum.

Ein tilkynning barst Umhverfisstofnun vegna bilunar í mótunarbúnaði basaltsmélu þannig að basaltryk dreifðist yfir nærliggjandi svæði. Bætt var skjótt úr atvikinu á fullnægjandi hátt.

Niðurfelling starfsleyfis er ekki tímabær á meðan framleiðslu á mélu stendur enn yfir. Þegar hún hættir og frágangi vegna hennar er lokið getur rekstraraðili óskað eftir niðurfellingu starfsleyfis til Umhverfisstofnunar.

ATHUGASEMDIR

Í skeljasandspró er töluvert um úrgang, s.s. múrbroti og öðru efni sem er að sögn rekstraraðila ekki eigu hans, enda búið að afhenda lóðina sveitarfélaginu. Fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins var með í för. Einn díselolíutankur er á verksmiðjulóðinni sem þarf að huga að m.t.t. mögulegs olíuleka í jarðveg.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.12.2016


Halla Einarsdóttir